

Verklagsreglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um viðbrögð við ofbeldi gagnvart börnum í stofnunum þess

Réttindi barns eru skilgreind m.a. í barnasáttmála SP, barnalögum nr. 76/2003, barnaverndarlögum nr. 80/2002:

1.gr. Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. ...

Í stofnunum Sveitarfélagsins þar sem fram fer starf með börnum er vanræksla, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi eða annars konar óviðeigandi hegðun ekki liðið. Ef grunur vaknar um slíkt skulu stofnanir bregðast strax við og fylgja eftirfarandi verklagsreglum sveitarfélagsins en þær byggja á ofangreindum lögum.

Í öllum tilfellum þarf að gæta þess að ferli máls sé skráð strax frá upphafi sjá atvikaskráningablað. Ef mál er tilkynnt til barnaverndar skal nota sérstök eyðublöð sem finna má hér.

Þegar grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi (gerandi óþekktur).

1. Grunur kviknar um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar.
2. Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar.
3. Meti félagsmálastjóri aðstæður þannig að taka eigi málið í formlegt ferli með tilkynningu er skrifleg tilkynning send til barnaverndar. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu frá Barnaverndarstofu [hér](#).*
4. Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila barns í viðtal samdægurs og upplýsir þá um tilkynninguna og næstu skref. Barnavernd tekur á móti tilkynningu og hefur könnun máls [verklag við könnun máls á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga](#).

Þegar grunur leikur á að forsjáraðili hafi beitt barn ofbeldi

1. Grunur kviknar um að forsjáraðili hafi beitt barn ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar.
2. Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar og hefur samráð við barnavernd um eftirfylgni með barninu.
3. Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt skal hafa beint samband við barnaverndarnefnd án þess að upplýsa foreldra um það.
 - Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hættu á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndar. Þá sæta brot gegn börnum í sumum tilvikum lögreglurannsókn og því mikilvægt að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins.

4. Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu* í samræmi við barnaverndarlög nr.80/2002. sjá nánar [hér](#).

Þegar grunur leikur á að atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. barnaverndarlaga

1. Ef grunur vaknar eða ábending berst um að hegðun eða annað atferli starfsmanns gagnvart barni/börnum sé stórlega ábótavant skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
2. Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar. Sjá nánar [verklag við könnun máls á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga](#).
3. Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu.
4. Stjórnandi stofnunar fylgir *verklagsreglum þegar grunur vaknar um að starfsmaður hafi brotið á barni* varðandi viðbrögð gagnvart starfsmanni.
5. Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu frá Barnaverndarstofu* [hér](#).

Þegar grunur leikur á að starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi

1. Grunur kviknar um að starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar. Sé grunur um að stjórnandi sé gerandi í málinu þá leitar starfsmaður til fræðslustjóra.
2. Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar.
3. Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila barns í viðtal samdægurs og upplýsir þá um atburðinn og næstu skref.
4. Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu.
5. Stjórnandi stofnunar fylgir *Verklagsreglum vegna gruns um að starfsmaður í starfi með börnum hafi brotið réttindum barns*, varðandi viðbrögð gagnvart starfsmanni.

Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi

1. Starfsmaður sem fær vitneskju um að barn beiti annað barn ofbeldi skal grípa inn í málið samkvæmt innri verkferlum stofnunar. Ef ekki tekst að leysa úr málum eða ofbeldið er mjög alvarlegt skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
2. Ef stjórnanda stofnunar tekst ekki að stöðva ofbeldið, í samvinnu við forsjáraðila, leitar hann ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar.
3. Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi

1. Starfsmaður sem fær grun/vitneskju um að barn hafi beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
2. Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar. Meti félagsmálastóri aðstæður þannig að ekki sé ástæða til tilkynningar að sinni, boðar stjórnandi stofnunar forsjáraðila í viðtal, sbr. lið a, hér að neðan, að öðrum kosti tekur barnavernd við máli, sjá lið b.
 - a. Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila beggja barna í viðtal samdægurs og hefur með sér þann starfsmann sem fékk gruninn/vitneskjuna. Forsjáraðilar eru boðaðir sitt í hvoru lagi.
 - b. Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt starfsmann ofbeldi

1. Starfsmaður sem verður fyrir ofbeldi af hálfu barns upplýsir stjórnanda stofnunar.
2. Ef stjórnanda stofnunar tekst ekki að stöðva ofbeldið, í samvinnu við forsjáraðila, leitar hann ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar.
3. Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu frá Barnaverndarstofu* [hér](#).
4. Stjórnandi stofnunar veitir starfsmanni aðstoð eftir þörfum

Þegar grunur leikur á vanrækslu

1. Þegar grunur er um vanrækslu skal sá sem grunur vaknar hjá tilkynna málið beint til stjórnanda stofnunar.
2. Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá félagsmálastjóra eða öðrum tengli barnaverndar. Meti báðir aðilar aðstæður þannig að ekki sé ástæða til tilkynningar að sinni, boðar stjórnandi stofnunar forsjáraðila í viðtal með áherslur á úrbætur.
3. Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og einnig um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu frá Barnaverndarstofu* [hér](#).

Innri ferlar stofnanna

Hver stofnun hefur mótað innra verklag varðandi meðferð og eftirfylgni ofangreindra mála.

Samþykkt í bæjarstjórn 16. janúar 2020.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri

